

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/2659**  
**komudagur 31.5.2012**

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 31. maí 2012

Tilvísun: 2012050726VEL/--

**Efni: Breytingartillaga velferðarnefndar Alþingis við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, með síðari breytingum (eftirlit með heilbrigðisþjónustu).**

Athygli Persónuvernd hefur verið vakin á breytingartillögu velferðarnefndar við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, með síðari breytingum (eftirlit með heilbrigðisþjónustu) (pskj. 1353, 679. mál á 140. lögjafarþingi 2011-2012).

Af nefndarálitni velferðarnefndar (pskj. 1352) mætti ætla að Björg Thorarensen, formaður stjórnar Persónuverndar og Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, hafi mætt á fund nefndarinnar til að ræða framangreinda breytingartillögu. Hið rétta er að formaður stjórnar og forstjóri mættu á fund nefndarinnar til að ræða þá nýútkomið leiðbeinandi svar stofnunarinnar til Læknafélags Íslands um afhendingu persónugreinanlegra upplýsinga um allar konur með brjóstafyllingar og að ekki var rætt um breytingartillöguna á fundinum.

Persónuvernd hefur *ekki* fengið umrædda breytingartillögu til umsagnar né tjáð sig um hana að öðru leyti. Hún vill hins vegar með bréfi þess taka fram að hún leggst gegn því að tillagan verði að lögum í óbreyttri mynd. Um það vísast í fyrsta lagi til *almennra persónuverndarsjónarmiða*, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og ákvæða laga nr. 77/2000.

Í öðru lagi vísar hún til almennra sjónarmiða *um mikilvægi skjýrrar og markvissrar stjórnslu*. Í umræddri breytingartillögu er lagt til að til verði ný skrá sem landlæknir haldi, s.k. skrá yfir ígrædd lækningatæki. Á síðasta ári var eftirlit með öryggi lækningatækja hins vegar sérstaklega fært frá landlækni til Lyfjastofnunar með 17. gr. laga nr. 28/2011 um breytingu á lögum nr. nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð. Það

er til þess fallið að valda miklum ruglingi í hugum borgaranna og óskilvirkri framkvæmd í stjórnslu ef tvö stjórnvöld, þ.e. landlæknir og Lyfjastofnun, hafa eftirlit með sömu málum. Þá er efnið óskýrt, m.a. vegna skorts á skýringum hugtaka. Loks er óljóst hvort eða að hvaða marki ákvæðum frumvarpins er ætlað að hafa hafa afturvirk áhrif.

Þá er mikilvægt að undirbúningur að lagabreytingum sem lúta m.a. að takmörkunum á stjórnarskrárvernduðum mannréttindum sé vandaður. Persónuvernd er tilbúin til að leggja sitt af mörkum í samvinnu um lagabreytingar á málefnasviði stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

  
Vigdís Eva Línal